

116 starfsfé sjóðsins stendur ekki undir, svo sem til byggingar félagsbústaða, íþróttavalla og þess háttar.

Fjárveitingar úr fastasjóði mega aldrei nema meiru en það, að höfuðstóllinn, kr. 50000, sé óskertur. Sjóðsnefnd skal leita samþykkis lögreglustjóra um fjárveitingar úr fastasjóði.

10. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í íslenskum ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum, ræktunarsjóðsbréfum, eða sparissjóði, sem nýtur ábyrgðar ríkisins eða á annan eigi ótryggari hátt.

Þó má lögreglustjóri veita lán úr sjóðnum til fyrirtækja, er félagsskapur lögregluþjóna kann að gangast fyrir, að stofnuð sé í samræmi við 4. gr., enda séu örugg veð fyrir og lánveitingin samþykkt af sjóðsnefnd.

11. gr.

Reikning sjóðsins skal gera árlega og leggja fram á fundi í félagi lögregluþjóna. Skal hann borinn undir atkvæði til samþykktar.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Tveir endurskoðendur skulu kosnir á sama fundi og sjóðstjórn, til eins árs í senn.

12. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi er sett í samráði við stjórn Lögreglufélags Reykjavíkur.

117

22. nóv.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Reykjavík.

1. gr.

Til bæjarsjóðs Reykjavíkur skal greiða fasteignaskatt samkv. lögum nr. 69 31. desember 1937, af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

2. gr.

Árlega skal greiða fasteignaskatt:

1. Af byggingarlóðum, byggðum og óbyggðum 1%
2. — húseignum og öðrum mannvirkjum 1—
3. — tünnum, görðum, reitum, erfðafestulöndum og öðrum lóðum og löndum 0,5—

3. gr.

Skattinn skal reikna af heilum hundruðum fasteignamatsverðs, en því, sem umfram er, skal sleppa, og nái fasteignamatsvirðing eignar ekki 100 kr. greiðist enginn skattur.

4. gr.

Eigandi fasteignar greiðir skattinn, nema um leigujarðir, leigulóðir eða önnur sammingsbundin jarðarafnot sé að ræða. Þá greiðir ábúandi eða leigjandi skattinn.

5. gr.

Gjalddagi fasteignaskatts samkv. reglugerð þessari er 2. janúar ár hvert, í fyrsta sinni 2. janúar 1939, og ber að greiða skattinn hjá bæjargjaldkera.

6. gr.

Af fasteignaskatti, sem eigi er greiddur 2 mánuðum eftir gjalddaga, skal greiða 22. nóv. 117
sömu dráttarvexti og greiða ber af útsvörum samkv. 30. gr. laga nr. 106 23. júní 1936.

7. gr.

Undanþegnar fasteignaskatti samkv. reglugerð þessari eru allar fasteignir bæjar-
sjóðs Reykjavíkur aðrar en lóðir og lönd, sem seld eru á leigu.

Ennfremur eru undanþegnar kirkjur, samkomuhús og íþróttahús, sem ekki eru
leigð út til skemmtana, skólahús, barnahæli, sjúkrahús, elliheimili, þinghús og hús
annara ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milli-
ríkjaerindum. Hið sama er um lóðir, sem fylgja slíkum húsum, og lóðir, sem eru til
opinberra þarfa.

Ef ágreiningur verður um skattskyldu fasteignar, sker ráðherra úr, en heimilt er
aðiljum að skjóta málinu til dómstólanna.

8. gr.

Fasteignaskattinum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem hann er lagður á, og skal
ásamt dráttarvöxtum í 2 ár frá gjalddaga ganga fyrir öllum öðrum veðkröfum, er á
eigninni hvíla. Ef hús brennur eftir að skatturinn er fallinn í gjalddaga, er sami for-
gangsréttur fyrir honum í brunabótafjárhæð hússins.

9. gr.

Fasteignaskatt og dráttarvöxtu má taka lögtaki.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar hefir samið og sam-
þykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69 31. desember 1937 til að öðlast
gildi 1. janúar 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. nóvember 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

AUGLÝSING

um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki.

118

24. nóv.

Samkvæmt reglum frá 26. september 1935, um blöndun á íslenzku smjöri í smjör-
líki, skal frá 1. desember þ. á. allt smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, innihalda
5% af íslenzku smjöri, svo og erlent smjörlíki, sem flutt kann að verða til landsins.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing frá 27. október 1937, um afnám blöndunar
smjörs í smjörlíki.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 24. nóvember 1938.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.